



AUSTURLAND

EFNAHAGSUMSVIF AUSTURLANDS



Mynd: Páll Guðmundur Ásgeirsson

nóvember 2025



ANALYTICA
ÁHÆTTU- OG FJÁRFESTINGARRÁÐGJÖF





Greining ráðgjafafyrirtækisins Analytica á efnahagsumsvifum Austurlands, sem gefin var út árið 2023, sýndi glögglega að öflug og alþjóðlega samkeppnishæf framleiðslufyrirtæki standa undir um fjórðungi vöruútflutningstekna Íslands.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fékk ráðgjafarfyrtækið aftur til liðs við sig árið 2025 til að uppfæra greinargerðina um efnahagsumsvif Austurlands. Fyrri niðurstöður eru staðfestar og sýna fram á stöðugleika framleiðslunnar á milli ára. Þótt aðeins innan við þrjú prósent landsmanna búi á Austurlandi stendur landshlutinn engu að síður undir tæpum fjórðungi vöruútflutningstekna þjóðarinnar sem endurspeglar rækilega hversu traustar undirstöður atvinnulífsins eru á Austurlandi.

SSA leggur áherslu á að möguleikar atvinnulífsins á Austurlandi til að skapa enn meiri vöruútflutningstekjur séu miklir en þar skiptir höfuðmáli að hið opinbera ráðist í öfluga innviðaupbyggingu svo verðmætasköpunin geti haldið áfram að vaxa.

Við teljum það sanngirnismál að landshluti sem leggur jafn mikið til þjóðarbúsins og raun ber vitni njóti þess með ríkulegri hætti. Þessi skýrsla - líkt og sú fyrri - er framlag SSA til ábyrgrar stefnumótunar stjórnvalda þegar kemur að uppbyggingu innviða og hún varpar ljósi á einfalda en mikilvæga staðreynd:

Það borgar sig að fjárfesta í Austurlandi.

Berglind Harpa Svavarsdóttir
formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir efnahags-
umsvifum Austurlands og mikilvægum efna-
hagslegum þáttum varðandi Austurland.
Skýrslan er unnin að beiðni Sambands sveitar-
félaga á Austurlandi. Þetta er í annað sinn sem
Analytica fær þetta verkefni og því er einnig
litið til breytinga frá fyrri greiningu sem varpar
enn skýrara ljósi á núverandi stöðu.

Ekki reyndist mögulegt að uppfæra að öllu leyti
tölur hvað varðar ferðaþjónustuna því Hagstofa
Íslands hefur ekki lokið vinnu við að uppfæra
greiningu á þjóðerni ferðamanna er varðar
gistinætur.



Mynd: Guðlaugur B. Birgisson

Útflutningur og framleiðsla

SJÁVARÚTVEGUR

Í sjávarútvegi á Austurlandi starfa nokkur stór útgerðarfyrirtæki, s.s. Loðnuvinnslan, Eskja, Síldarvinnslan og þá er Brim með starfsstöð á Vopnafirði. Jafnframt er Kaldvík með starfsemi í landshlutanum en það er eina laxeldisfyrirtækið á Austfjörðum. Það hét áður Ice Fish Farm en tók upp nýtt nafn árið 2024.

Samkvæmt rekstraryfirliti sjávarútvegs 2020–2023 eru útflutningstekjur nánast 100% af heildartekjum sjávarútvegs sem þýðir að meginþorri afurða fiskveiða og vinnslu er til útflutnings. Þessi staðreynd, ásamt upplýsingum sem fram komu í samtölum við aðila í sjávarútvegi á Austfjörðum, er grundvöllur útreikninga sem byggðir eru á tölum frá fyrrgreindum aðilum og ársreikningum þeirra.

Þar sem mismunandi aðilar nota mismunandi uppgjörsmýnt eru allar fjárhæðir umreiknaðar í íslenskar krónur samkvæmt ársmeðaltali miðgengis hvernar myntar, eins og það er uppgengið af Seðlabanka Íslands ár hvert.

Til að sýna umsvif Austurlands í sjávarútvegi samanborið við landsvísu eru borin saman verðmæti útfluttra vara frá Íslandi (í milljörðum króna), uppgengið af Hagstofunni á FOB virði,¹ við sambærilegar tölur sem Analytica hefur aflað um útfluttar sjávarafurðir frá Austurlandi, fiskeldi þar með talið.

Útflutningur sjávarafurða	2022	2023	2024
Útfluttar sjávarafurðir (þ.m.t. fiskeldi) frá Íslandi (ma. kr.)	410	399	400
Útfluttar sjávarafurðir (þ.m.t. fiskeldi) frá Austurlandi (ma. kr.)	86,4	84,7	85,8
Hlutfall útflutnings sjávarafurða frá Austurlandi	21,0%	21,2%	21,4%

Heimildir: Aðilar í sjávarútvegi á Austurlandi, ársreikningar fyrirtækja og Hagstofa Íslands.

Sérstaklega er áhugavert að þrátt fyrir loðnubrest árið 2024² og talsvert lægri hlut fiskeldis árið 2023, samanborið við árin á undan og eftir, halda austfirskar sjávarafurðir hlut sínum miðað við landið í heild.

Atvinnugreinin er fjölbreytt og þau fyrirtæki sem urðu fyrir barðinu á loðnubrestinum héldu hlut sínum með aðkeyptum aðföngum. Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir áskoranir hefur útflutningur sjávarafurða á Austurlandi og hlutdeild hans haldist svipuð.

¹ FOB (free-on-board) virði: Virði vörunnar komið um borð í flutningsfarartæki í útflutningslandi (hér Íslandi).
² Umtalsverður samdráttur var í löndun uppsjávarfisks á Austurlandi árið 2024 samanborið við árið 2023, sem að stærstum hluta má rekja til loðnubrests (tæp 168.000 tonn) ásamt samdráttar í löndun á síld (u.þ.b. 21.000 tonn) og makrils (u.þ.b. 30.000 tonn), þó aukning á löndun á kolmunna (tæp 19.000 tonn) hafi vegið upp á móti. Samtals var samdráttur á löndun uppsjávarfisks á Austurlandi upp á tæp 200.000 tonn árið 2024 miðað við árið 2023 (Heimild: Hagstofa Íslands).

Útflutningur og framleiðsla

ÁL

Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði hóf rekstur árið 2007. Álverið er það stærsta á Íslandi en framleiðslugeta þess er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári. Taflan að neðan sýnir heildarvirði (FOB) útflutts áls frá Íslandi í milljörðum króna og hlutdeild Austurlands.

Verðmæti útflutts áls frá Íslandi hefur lækkað um tæpa 90 milljarða frá 2022 til 2024 en á sama tíma hefur verðmæti útflutts áls frá Austurlandi lækkað um 10 milljarða. Því hefur hlutdeild landshlutans í heildarvirði útflutnings á áli farið úr 35,4% árið 2022 upp í 42,6% árið 2024.

Útflutningur áls	2022	2023	2024
Útflutt ál frá Íslandi (ma. kr.)	403	324	313
Útflutt ál frá Fjarðaáli (ma. kr.)	143	127	133
Hlutfall útflutts áls frá Austurlandi	35,4%	39,2%	42,6%

Heimildir: Hagstofa Íslands, ársskýrslur og samfélagsskýrslur Alcoa.



Mynd: Alcoa Fjarðaál



HEILDARÚTFLUTNINGUR VÖRU OG VÖRUÚTFLUTNINGUR

Neðangreind tafla sýnir virði útflutnings á sjávarafurðum og áli á Austurlandi ásamt virði heildarútflutnings allra vara frá Íslandi í milljörðum króna (allt á FOB-virði).

Athyglisvert er hversu stöðugt hlutfall vöruútflutnings á Austurlandi (aðallega ál og sjávarafurðir) er af heildarvöruútflutningi landsins, frá um einum fimmta upp í nær einn fjórða. Hafa ber í huga að þetta er lágmarksvöruútflutningur frá Austurlandi, þar sem einungis eru taldar til upplýsingar um útflutning áls og sjávarafurða (frá framangreindum fyrirtækjum) en ekki annarrar vöru.

Útflutningur vara	2022	2023	2024
Heildarvirði útfluttra vara (ma. kr.)	1.014	938.	959
Útflutningur vara frá Austurlandi (ma. kr.)	229	211	219
Hlutfall virðis útfluttra vara frá Austurlandi af heildarvirði	22,6%	22,5%	22,8%

Heimildir: Hagstofa Íslands og fyrri heimildir um álframleiðslu og sjávarútveg á Austurlandi.

Útflutningur og framleiðsla

ÚTFLUTNINGUR Á MANN

Þegar rýnt er í ýmsar hagstærðir getur verið gagnlegt að taka tillit til íbúafjölda eins og í fyrri greiningu. Hér er skoðað nánar hversu mikið hver Austfirðingur framleiðir til útflutnings, að meðaltali, samanborið við aðra landshluta.

Efst er tafla um mannfjölda, svo er útflutningur á mann reiknaður og að lokum gerður samanburður milli Austfirðinga og annarra landsmanna.

Mannfjöldi	2022	2023	2024
Ísland	370.068	379.472	386.585
Austurland	10.836	10.983	11.151
Aðrir landshlutar	359.232	368.489	375.434

Heimildir: Hagstofa Íslands

Vöruútflutningur á mann	2022	2023	2024
Útflutningur allra vara á Íslandi á mann (m. kr.)	2,74	2,47	2,48
Útflutningur frá Austurlandi á mann (m. kr.)	21,2	19,3	19,6
Útflutningur vara annarra landshluta á mann (m. kr.)	2,19	1,97	1,97

Heimildir: Fyrri heimildir og útreikningar Analytica

Ofangreind tafla sýnir hlutfallslega tölu þegar vöruútflutningi er deilt á íbúafjölda (talan er í milljónum króna). Hún sýnir að árið 2024 framleiddi hver Austfirðingur 19,6 milljónir króna að meðaltali til vöruútflutnings en íbúar annarra landshluta 1,97 milljónir.

Taflan hér að neðan sýnir síðan hlutfallið á milli þess hvað hver Austfirðingur framleiðir miðað við íbúa í öðrum landshlutum. Taflan sýnir hlutfall og samkvæmt þessu framleiddi hver Austfirðingur að meðaltali (til útflutnings) tæplega tífalt á við íbúa í öðrum landshlutum ($19,6/1,97=9,97$) árið 2024.

Vöruútflutningur á mann á Austurlandi	2022	2023	2024
Útflutningur hvers Austfirðings miðað við aðra íbúa landsins	9,68	9,77	9,97

Heimildir: Fyrri heimildir og útreikningar Analytica

NEYSLA

Neysla ferðamanna getur gefið góða vísbendingu um umsvif ferðapjónustu. Hagstofan tekur saman gögn um neyslu í ferðapjónustu á Íslandi eftir atvinnugreinum og hvort um er að ræða innlenda eða erlenda ferðamenn. Hins vegar fást ekki upplýsingar sem sýna neyslu ferðamanna niður á einstök landsvæði og því þarf að áætla slíkt. Hér er það gert með því að nota hlutfall gistinátta hvers landshluta, þar sem vænta má að neysla ferðamanna fylgi dvalarstað þeirra.

Mikilvægt er að benda á að Hagstofa Íslands vinnur nú að uppfærslu talna um þjóðerni ferðamanna og gistinætur og því hefur Analytica áætlað einstaka liði út frá tölum um gistinætur á hótélum eingöngu.

Í töflunni hér að neðan má sjá neyslu ferðamanna samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands í milljörðum króna.

Neysla ferðamanna	2022	2023	2024
Neysla ferðamanna á Íslandi (ma. kr.)	625	779	840
Erlendir ferðamenn (ma. kr.)	398	498	519
Innlendir ferðamenn (ma. kr.)	228	281	321
Önnur neysla (ma. kr.)	37	38	29
Heildarneysla (ma. kr.)	663	817	870

Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar Analytica



Mynd: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir



GISTING

Í neðangreindri töflu má sjá hlutfall gistinátta allra ferðamanna á Íslandi og Austurlandi en Analytica mat hlutfall gistinátta fyrir árið 2024 á Austurlandi út frá fyrirliggjandi tölum um gistinætur á hótelum.

Gistinætur ferðamanna	2022	2023	2024
Gistinætur allra ferðamanna á Íslandi	8.547.184	9.518.591	9.548.322
Gistinætur allra ferðamanna á Austurlandi	537.749	518.453	430.410
Hlutfall gistinátta á Austurlandi	6,3%	5,4%	4,5%

Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar Analytica

HEILDARNEYSLA

Í næstu töflu má sjá áætlaða heildarneyslu ferðamanna á Austurlandi í milljörðum króna sem túlka má sem gjaldeyrisöflun Austurlands í gegnum ferðapjónustu. Það er gert á grunni áætlaðs hlutfalls gistinátta á Austurlandi af heildargistináttafjölda á landinu öllu.

Af tölum um neyslu ferðamanna í þessari samantekt má sjá að samdráttur hefur orðið á Austurlandi síðastliðin tvö ár. Þó ber að nefna að hér hafa áhrif skemmtiferðaskipa ekki verið könnuð sérstaklega.

Þá er gagnlegt að bera saman tölur um gisti-nætur við talningu á fjölda gesta á áfanga-stöðum á Austurlandi, enda má gera ráð fyrir að margir ferðamenn vilji njóta þeirra áfangastaða sem Austurland hefur upp á að bjóða. Þessi talning er ekki sundurliðuð eftir þjóðernum heldur endurspeglar heildarfjölda óháð þjóðerni.

Heildarneysla ferðamanna	2022	2023	2024
Áætluð heildarneysla ferðamanna á Austurlandi (ma. kr.)	39,3	42,4	37,8

Heimildir: Hagstofa Íslands og útreikningar Analytica

ÁFANGASTAÐIR

Þær tölur sem birtast í neðangreindri töflu gefa örlítið aðra mynd samanborið við töfluna um gistinætur. Á meðan gistinóttum fækkar um tæp 17% á milli áranna 2024 og 2023, virðist gestum á áfangastöðum fjölga samtímis (hækkun um 6,9%). Vera má að fjölgun inn-lendra ferðamanna vegi upp fækkun erlendra.

Einnig má benda á áhrif markaðsherferða, eða að ferðamenn stöðvi á áfangastöðum en aki annars í gegnum Austurland án þess að gista, eða að gistinætur séu almennt vanáætlaðar. Líklegast er að öll þessi atriði eigi hlut að máli, auk viðbótaráhrifa skemmtiferðaskipa. Samandregið má því ætla að áætluð neysla ferðamanna á Austurlandi sé varfærin.

Áfangastaðir á Austurlandi	2022	2023	2024
Hafnarhólmi	40.604	49.474	67.347
Hengifoss (frá 2023 eru báðar gönguleiðir taldar)	90.463	116.822	115.649
Stuðlagil, Grundarmegin	83.218	115.744	113.877
Stuðlagil, Klausturselsmegin	57.238	85.781	96.256
Samtals	271.523	367.821	393.129

Heimildir: Ferðamálastofa

LANDSVIRKJUN OG ALCOA

Landsvirkjun rekur Kárahnjúkavirkjun á Austurlandi, stærstu vatnsaflsvirkjun landsins, sem leggur mikið til tekna fyrirtækisins.

Eftirfarandi tafla tekur saman lykiltölur úr árs-skýrslum og samfélagsskýrslum Alcoa og Landsvirkjunar og felur í sér áætlun um það hversu stór hluti af tekjum Landsvirkjunar kemur frá Alcoa.

	2022	2023	2024
Alcoa - heildar GWst	4.793	4.997	4.894
Alcoa framleitt ál (þúsund tonn)	332	347	341
Meðalraforkuverð Landsvirkjunar til stórnotenda (USD/MWst)	42,9	30,6	29,9

Ef Landsvirkjun selur til Alcoa á meðalverði stórnotenda	2022	2023	2024
Sala til Alcoa (milljarðar kr.)	27,9	21,1	20,2
Hlutfall sölu til Alcoa af allri raforkusölu Landsvirkjunar	29,7%	28,5%	28,3%
Hlutfall sölu til Alcoa af raforkusölu Landsvirkjunar til stórnotenda	34,7%	35,9%	37,0%

Ef Landsvirkjun selur til Alcoa á 10% undir meðalverði stórnotenda	2022	2023	2024
Sala til Alcoa (milljarðar kr.)	25,1	19,0	18,2
Hlutfall sölu til Alcoa af allri raforkusölu Landsvirkjunar	26,8%	25,7%	25,5%
Hlutfall sölu til Alcoa af raforkusölu Landsvirkjunar til stórnotenda	31,3%	32,3%	33,3%

Heimildir: Ársskýrslur og samfélagsskýrslur Alcoa og ársskýrslur Landsvirkjunar.

Útreikningurinn er framkvæmdur á grundvelli áætlaðrar heildarrafmagnsnotkunar Alcoa við álframleiðslu og Landsvirkjun gefur upp meðal-raforkuverð fyrir stórnotendur.

Gerðar eru tvær sviðsmyndir til að sýna áhrif þess ef Alcoa fær hagstæðari kjör en meðalverð til stórnotenda.

Sviðsmyndirnar sýna hversu mikið af heildar-raforkutekjum Landsvirkjunar gæti komið frá Alcoa sem og hversu mikill hluti tekna af raforkusölu til stórnotenda kemur frá Alcoa.

Eins og sjá má kemur stór hluti tekna Landsvirkjunar frá stórnotendum og verulegur hluti heildartekna frá Alcoa á Austurlandi. Ef reiknað er með að Landsvirkjun selji til Alcoa á 10% undir meðalverði til stórnotenda má áætla að síðastliðin þrjú ár (2022–2024) hafi að minnsta kosti einn fjórði af tekjum Landsvirkjunar komið frá Alcoa og í kringum einn þriðji af tekjum frá stórnotendum.



HEILDAR VÖRU- OG ÞJÓNUSTUÚTFLUTNINGUR OG HLUTUR AUSTURLANDS

Neðangreind tafla tekur saman þessar þrjár atvinnugreinar á Austurlandi (álframleiðsla, sjávarútveg og ferðaþjónusta) og setur þær í samhengi við hversu mikinn gjaldeyri (FOB-virði í milljörðum) má að lágmarki áætla að Austurland skapi sem hluta af öllum vöru- og þjónustuútflutningi Íslands.

Samkvæmt þessu stendur Austurland undir 13,3% af allri gjaldeyrissköpun Íslands árið 2024, einungis út frá þessum þremur atvinnugreinum.

Vöru- og þjónustuútflutningur	2022	2023	2024
Gjaldeyrisöflun Austurlands af áli, sjávarútvegi og ferðaþj. (ma. kr.)	271	256	258
Heildarútflutningur vara og þjónustu frá Íslandi (ma. kr.)	1.841	1.921	1.935
Hlutfall gjaldeyrisöflunar Austurlands af áli, sjávarútv. og ferðaþj.	14,7%	13,3%	13,3%

Heimildir: Hagstofa Íslands og fyrri heimildir um sjávarútveg og álframleiðslu.

Samantekt

Þrátt fyrir að aðeins 2,9% landsmanna búi á Austurlandi stendur landshlutinn undir tæpum fjórðungi heildarvöruútflutnings Íslands og 13,3% af heildar vöru- og þjónustuútflutningi landsins. Þessar tölur eru varlega áætlaðar en sýna stöðuga verðmætasköpun á milli ára. Hlutfallslegur stöðugleiki útflutnings skýrist einkum af fjölbreytni í sjávarútvegi þar sem fiskeldi og keypt hráefni vegur upp á móti sveiflum í t.a.m. loðnuveiði. Þá virðist sem álframleiðsla dragist síður saman á Austurlandi en víða annars staðar og Alcoa Fjarðaál er áfram mikilvæg undirstaða tekna Landsvirkjunar.

Atvinnulífið á Austurlandi er blómlegt og sérstaklega verðmætaskapandi. Þetta er framleiðslu- og útflutningsdrifið hagkerfi sem skilar miklum tekjum til íslensks samfélags. Tækifæri atvinnulífsins á Austurlandi eru fjölmörg. Í ferðaþjónustu sýna gögn um áfangastaði aukna aðsókn og í sjávarútvegi gefur fjölbreytt starfsemi ástæðu til bjartsýni um aukna framleiðslu og fjölgun starfa. Til að nýta þessi tækifæri og tryggja áframhaldandi verðmætasköpun á Austurlandi, þjóðinni til heilla, þarf að ráðast í öfluga og alhliða innviðauppbyggingu.

Mannfjöldi á Íslandi og virði útflutnings á mann árið 2024.

